

## Aðalfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana 19. maí 2022

### FUNDARGERÐ

Aðalfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) var haldinn á Hilton Reykjavík hótél í Reykjavík, fimmtudaginn 19. maí 2022, kl. 14:00-16:00 auk þess sem honum var streymt.

Fundarstjóri: Ólöf Ásta Farestveit forstjóri Barna- og fjölskyldustofu.

Fundarritari: Steinn Jóhannsson rektor Menntaskólans við Hamrahlíð og ritari stjórnar.

Kristján Sverrisson formaður stjórnar setti fundinn.

#### 1. Að vinna með lönguvitleysuna

Áður en hefðbundin dagskrá aðalfundar hófst fluttu Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir skrifstofustjóri í Matvælaráðuneytinu og Hildur Ösp Gylfadóttir sviðsstjóri hjá Vinnueftirlitinu erindi sem laut að umgjörðinni sem forstöðumönnum er gert að vinna erfið starfsmannamál innan, svo sem í uppsagnar- og áminningarmálum. Lýstu þær þunglamalegri og úreltri löggjöf sem gerir það að verkum að erfitt er að bregðast við frammistöðu- og siðferðisvanda á vinnustað. Núgildandi reglur sem forstöðumönnum er gert að starfa eftir eru í grunninn frá árinu 1954. Var erindið framhald af grein sem þær rituðu í mars sl. og bar heitið *Þegar leikreglurnar líkjast lönguveltleysu* ([Þegar leikreglurnar líkjast lönguvitleysu - Vísir \(visir.is\)](#)).

Fóru þær yfir tölulegar upplýsingar um dóma um starfsmannamál hjá stofnunum ríkisins (uppsagnir/áminningar) sem og fjölda sams konar mála hjá umboðsmanni Alþingis. Þá veltu þær þeirri spurningu upp hvort að forstöðumenn hafi réttu verkfærin til að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til forstöðumanna ríkisins í stjórnendastefnu ríkisins sem er frá 2019. Báðu þær fundargesti um að velja því fyrir sér hvernig nýtt ferli, sem endar með uppsögn, gæti litið út hjá ríkinu, þ.e. sanngjarnt ferli gagnvart starfsfólki og gerlegt fyrir stjórnsýsluna. Fundargestir á hverju borði fyrir sig tóku nokkurra mínútna umræður og dreifðu fulltrúar kjara-

og mannauðssýslu ríkisins, sem hafði verið boðið sérstaklega á erindið, sér á borðin. Líflegar og góðar umræður sköpuðust þar sem ýmis sjónarmið komu fram. Fulltrúi frá hverju borði steig að lokum í pontu og gerði stutta grein fyrir umræðunum og komu m.a. fram sjónarmið varðandi samfélagsmiðla (óhróður um stjórnendur og stofnanir), hvar lægju mörk forstöðumanna varðandi það að svara fyrir sig/sína stofnun og að fjársveltur stofnanir hafi engin tækni á að leita til sérfræðinga í erfiðum starfsmannamálum. Að lokum komu Áslaug Eir og Hildur Ösp með nokkrar tillögur í þessu sambandi.

Þangað til að breyting verður á löggjöfinni verða forstöðumenn að vinna með lönguvitleysuna sem er í sjálfu sér kjörið tækifæri til að þjálfa seiglu. Mikilvægt er að innleiða vinnustaðarmenningu þar sem eðlilegt þykir að ræða vandamál og væntingar. Það er sanngjarnt gagnvart heildinni að forstöðumenn stjórnar og eru forstöðumenn að bregðast ef hlutirnir eru ekki settir í skýrt ferli. Forstöðumenn standast ekki væntingar og kröfur ef einungis er rétt klórað í málin. Þetta er erfitt, og á ekki að vera auðvelt. Og varðandi samfélagsmiðlana, við erum öll áhrifavaldar. Mikilvægt er að styðja hvort annað og deila þekkingu.

## 2. Kosning fundarstjóra og ritara

Kristján Sverrisson lagði til að Ólöf Ásta Farestveit forstjóri Barna- og fjölskyldustofu yrði fundarstjóri og var tillagan samþykkt með lófaklappi. Þá lagði Kristján til að Steinn Jóhannsson rektor Menntaskólans við Hamrahlíð og ritari stjórnar yrði fundarritari og var tillagan samþykkt með lófaklappi.

Ólöf Ásta kynnti sig og lýsti aðalfundinn löglega boðaðan.

## 3. Skýrsla stjórnar um starfsemi síðastliðið starfsár.

Kristján fór yfir skýrslu stjórnar þ.e. helstu verkefni og megináherslur félagsins á starfsárinu maí 2021 til og með apríl 2022.

Rifjaði Kristján upp helstu atriði frá aðalfundi 2021. Þá gerði hann grein fyrir helstu verkefnum stjórnar á starfsárinu, þ.e.:

- a) Starfsreglur stjórnar.
- b) Áherslumál stjórnar starfsárið 2021-2022.
- c) Eftirfylgni vegna álita umboðsmanns Alþingis um launaákvarðanir forstöðumanna.
- d) Haustferð 8. október 2021.
- e) Starfshópur um betri vinnutíma.
- f) Umsögn um frumvarp um breytingu á 39. gr. a. laga nr. 70/1996.

- g) Endurmat á launafyrirkomulagi forstöðumanna.
- h) Önnur verkefni.

Hvatti Kristján forstöðumenn til að senda stjórn allar hugmyndir um t.d. hvað stjórn gæti gert betur, hvað mætti betur fara t.d. á heimasíðu félagsins o.fl. Kristján þakkaði að lokum stjórn félagsins fyrir virkilega gott og óeigingjarnt starf, unnið af miklum dugnaði og heilindum fyrir félagið. Þá hvatti hann forstöðumenn til að gefa kost á sér í störf fyrir félagið, enda einstaklega skemmtilegt að starfa þar.

#### 4. Framlagning endurskoðaðra reikninga félagsins

Harpa Þórsdóttir gjaldkeri FFR lagði fram endurskoðaða reikninga félagsins og skýrði þá. Voru reikningar félagsins bornir undir fundinn og þeir samþykktir samhljóða.

#### 5. Lagabreytingar.

Engar tillögur um breytingar á lögum félagsins lágu fyrir.

#### 6. Stjórnarkjör

Helga Þórisdóttir forstjóri Persónuverndar stýrði stjórnarkjöri f.h. kjörnefndar. Á síðasta aðalfundi var formaður félagsins, Kristján Sverrisson forstjóri Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands kosinn formaður til tveggja ára og því ekki kosið um formann nú.

Kosið er um þrjá meðstjórnendur ár hvert sbr. 6. gr. laga félagsins. Úr stjórn gengu þau Steinn Jóhannsson rektor Menntaskólans við Hamrahlíð, Harpa Þórsdóttir safnstjóri Listasafns Íslands og Eydís Líndal Finnbogadóttir forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands. Eydís Líndal gaf áfram kost á sér auk þess sem þau Ingileif Oddsdóttir skólameistari Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Björgvin Víkingsson forstjóri Ríkiskaupa gáfu kost á sér. Þá óskaði Gylfi Ólafsson forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða eftir lausn frá stjórnarsetu vegna sérstakra aðstæðna eftir úrslit síðustu sveitastjórnarkosninga. Á grundvelli b. liðar 3. gr. starfsreglna kjörnefndar samþykkti kjörnefnd framboð Díönu Óskarsdóttur forstjóra Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, sbr. einnig 6. gr. laga félagsins.

Voru framboð framantalinna frambjóðenda staðfest með lófataki. Eftirfarandi forstöðumenn skipa því stjórn félagsins fram að aðalfundi 2023.

Ásdís Ármannsdóttir sýslumaður á Suðurnesjum, Bergþóra Þorkelsdóttir forstjóri Vegagerðarinnar, Björgvin Víkingsson forstjóri Ríkiskaupa, Díana Óskarsdóttir

forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, Eydís Líndal Finnbogadóttir forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands, Ingileif Oddsdóttir skólameistari Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Kristján Sverrisson forstjóri Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands, formaður stjórnar.

Helga óskaði stjórnarmönnum til hamingju með kosninguna.

## 7. Kosning kjörnefndar

Kristján Sverrisson stýrði kosningu kjörnefndar. Í kjörnefnd síðasta starfsárs sátu þau Hrafnkell V. Gíslason forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, Helga Þórisdóttir forstjóri Persónuverndar og Ársæll Guðmundsson skólameistari Borgarholtsskóla. Helga og Ársæll gáfu kost á sér til áframhaldandi setu í kjörnefnd. Salvör Nordal umboðsmaður barna gaf kost á sér í kjörnefnd og var kjör hennar, Helgu og Ársæls staðfest með lófataki.

## 8. Kosning tveggja endurskoðenda félagsreikninga og jafnmargra til vara

Kristján Sverrisson stýrði kosningu endurskoðenda félagsreikninga og varamanna. Endurskoðendur félagsins síðasta starfsár voru þau Gestur Steinþórsson fyrrverandi skattstjóri í Reykjavík og Ásta Sigrún Helgadóttir umboðsmaður skuldara. Gáfu þau bæði kost á sér áfram og var kosning þeirra samþykkt með lófataki.

Varamenn endurskoðenda síðasta starfsár voru þau Ingbór Karl Eiríksson fjársýslustjóri og Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður. Gáfu þau bæði áfram kost á sér og var kjör þeirra staðfest með lófataki.

## 9. Ákvörðun árgjalds félagsmanna

Stjórn félagsins lagði til að árgjaldið yrði óbreytt, þ.e. 25.000 kr., sem var samþykkt.

## 10. Önnur mál.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Hulda Ragnheiður Árnadóttir kom með hugmynd að námskeiði/vinnustofu fyrir forstöðumenn um hvernig fara megi inn í erfið starfsmannamál/-samtöl. Helga Þórisdóttir kom af stað umræðum um ímynd, þ.e. hvað félagið gæti gert til að auka þekkingu og skilning almennings á því hvað felst í opinberum störfum og hvað allar þessar flottu stofnanir með framúrskarandi starfsmönnum væru að gera. Þá upplýsti Kristján um að framkvæmdastjóri félagsins, Dagrún Hálfðánardóttir, hefði sagt starfi sínu lausu og þakkaði hann henni fyrir vel unnin störf. Þá þakkaði Kristján jafnframt fráfarandi stjórnarmönnum þeim Hörpu Þórsdóttur og Steini Jóhannssyni fyrir þeirra mikla

og góða starf og uppskáru þau mikið klapp. Að lokum þakkaði Kristján fundarstjóra, Ólöfu Ástu, fyrir röggsama fundarstjórn.

Fundi var slitið kl. 16:00.

Steinn Jóhannsson fundarritari